



Dreifibréf til fjármálafyrirtækja

3. október 2017
Tilvísun: 2017020040

Efni: Kynning á viðmiðunarreglum EBA vegna útlánaáhættu og samþjöppunaráhættu og á breyttri framkvæmd vegna viðmiðunarreglna ESAs.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út nokkurn fjölda viðmiðunarreglna (e. *guidelines*) sem varða starfsemi fjármálafyrirtækja og tengjast CRD IV regluverkinu, m.a. viðmiðunarreglur um útlánaáhættu og samþjöppunaráhættu. Tilgangur viðmiðunarreglna EBA er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf um fjármálaþjónustu innan EES. Viðmiðunarreglurnar eru nánari útfærsla á ákvæðum tilskipana og reglugerða sem innleiddar hafa verið hér á landi með setningu laga nr. 57/2015 og laga nr. 96/2016, um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, svo og setningu reglugerðar nr. 233/2017, um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja.

Með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði öðluðust svonefndar ESAs reglugerðir gildi hér á landi, þ.e. reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093 - 1095/2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum EBA, ESMA og EIOPA. Í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 um að koma á fót Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er fjallað um viðmiðunarreglur og almenn tilmæli eftirlitsstofnunarinnar. Í 3. mgr. 16. gr. segir að lögbær yfirvöld og fjármálastofnanir skuli leita allra leiða til að fara að þessum viðmiðunarreglum og almennum tilmælum.

Viðmiðunarreglur EBA vegna útlánaáhættu og samþjöppunaráhættu, auk annarra viðmiðunarreglna evrópsku eftirlitsstofnananna, munu í kjölfar gildistöku laga nr. 24/2017 ekki verða teknar upp í leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins, nema sérstök ástæða þyki til. Fjármálaeftirlitið mun þess í stað birta á heimasíðu sinni dreifibréf þetta og slóð á enskar útgáfur viðmiðunarreglnanna ásamt stuttri umfjöllun um innihald þeirra. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglur EBA í eftirlitsframkvæmd, þar með talið vegna könnunar- og matsferlis stofnunarinnar (SREP), auk þess sem Fjármálaeftirlitið mun reglulega annast kynningar á efni viðmiðunarreglna evrópsku eftirlitsstofnananna.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Viðmiðunarreglurnar sem kynntar verða byggja á ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eða svonefndri CRR reglugerð, sem tók gildi hér á landi með setningu reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017. Fjármálaeftirlitið beinir því til fjármálafyrirtækja að kynna sér framangreindar viðmiðunarreglur EBA á heimasíðu eftirlitsins og að taka mið af þeim í starfsemi sinni.

Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að um brot á lögum eða reglum sé að ræða gerir Fjármálaeftirlitið kröfu um úrbætur, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Þann 17. október nk. kl. 9.00 fer fram kynning á þeim viðmiðunarreglum EBA sem varða útlánaáhættu og samþjöppunaráhættu. Á kynningunni verður einnig stuttlega fjallað um þá tæknilegu staðla sem gilda um útlánaáhættu og stórar áhættuskuldbindingar og tóku gildi fyrr á árinu með setningu reglna nr. 508/2017 og 509/2017. Kynningin fer fram í húsakynnum Fjármálaeftirlitsins að Katrínartúni 2, 3. hæð, og mun varða eftirfarandi viðmiðunarreglur:


- Viðmiðunarreglur EBA um skilgreiningu á vanefndum (e. default), sjá: <http://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/credit-risk/guidelines-on-the-application-of-the-definition-of-default>
- Viðmiðunarreglur EBA um framkvæmd áhættustýringar vegna útlánaáhættu og reikningsskil fyrir vænt tap af útlánastarfsemi, sjá: <http://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/accounting-and-auditing/guidelines-on-accounting-for-expected-credit>
- Viðmiðunarreglur EBA um takmörkun á áhættuskuldbindingum til fyrirtækja sem teljast til skuggabanka: <http://www.eba.europa.eu/regulation-and-policy/large-exposures/guidelines-on-limits-on-exposures-to-shadow-banking>

Áhugasamir skrái sig á kynninguna með því að senda tölvupóst með fjölda þátttakenda og nöfnum þeirra á fme(a)fme.is, með efninu: „Viðmiðunarreglur EBA vegna útlánaáhættu og samþjöppunaráhættu“.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Sigurður Freyr Jónatansson


Hjálmar S. Brynjólfsson